

## Bréf

Alþingi  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2015  
2015020005

### Efni: Frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, þskj. 889 - 512. mál

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar 2015, og óskað var eftir umsögn þeirra.

Eins og fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er það unnið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samstarfi við Mannvirkjastofnun og Bændasamtök Íslands. Bændasamtökin hafa um nokkurt skeið tekið virkan þátt í umræðum um um sinubrennur og kynnt sér ýmis viðhorf til vaxandi hættu af gróður- og jarðvegseldum. Þá könnuðu samtökin viðhorf búnaðarsambanda og búgreinafélaga til gildandi löggjafar um sinubrennur í þeim tilgangi að undirbúa tillögur að breytingum á lögum nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi og reglugerð nr. 157/1993, um sama efni. Að mati Bændasamtaka Íslands er ljóst að herða þarf varúðarkröfur vegna meðferðar elds á landbúnaðarlandi og efla eftirlit með sinubrennum. Þó gátu og geta samtökin ekki ljáð því samþykki að banna allar sinubrennur. Vissulega er æskilegra að beita land hóflega en að brenna á því sinu en þær aðstæður geta skapast, t.d. við nýræktun, að sinubrennsla sé ráðleg áður en vinnsla fer fram. Bændasamtökin lögðu því fram tillögur í þessa átt við vinnslu frumvarpsins í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Bændasamtök Íslands vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum.

Í 1. mgr. 3. gr. segir að sinubrenna sé óheimil en þó sé ábúendum eða eigendum jarða á lögbýlum heimilt að brenna sinu. 1. mgr. 2. gr. felur í sér að sinubrenna er óheimil öllum nema þeim sem uppfylla skilyrði 2. gr. Sinubrenna er ekki óheimil ef hún er heimil tilteknum hópi manna. Lagt er til að málsliðurinn „Sinubrenna er óheimil.“ verði felldur brott.

Í 1. mgr. 3. gr. segir að aldrei megi brenna sinu þar sem tjóni getur hlotist af á mosa. Þar sem nauðsynlegt er að brenna sinu er oft mosi. Lagt er til að hugtakið „mosi“ verði fellt brott úr málsgreininni.

Í 1. mgr. 4. gr. segir að veita megi leyfi til að brenna sinu á jörðum á tímabilinu 1. apríl til 1. maí ár hvert. Þar sem nauðsynlegt er að brenna sinu er æskilegt að það sé gert sem fyrst, þegar líður að vori. Lagt er til að veita megi leyfi til að brenna sinu frá 15. mars og heimild til framlengingar tímabils verði óbreytt eða til 15. maí.

Í 1. mgr. 7. gr. segir að ráðherra setji að tillögu Mannvirkjastofnunar og Umhverfisstofnunar reglugerð, þegar við á að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands og Skógrækt ríkisins. Lagt er til að orðin „þegar við á“ verði felld brott enda liggur fyrir að þegar settar eru reglur um sinubrennur, þá eigi alltaf við að hafa samráð við Bændasamtök Íslands.

Varðandi þau atriði sem sagt er að rétt þyki að verði áfram tiltekin í reglugerð er það að segja að Bændasamtökin bentu margsinnis á við vinnslu frumvarpsins að nauðsynlegt væri að vinna að gerð nýrrar reglugerðar skv. 7. gr. samhliða frumvarpinu enda ráðherra með

ákvæðinu veitt mjög viðtæk heimild til útfærslu á tilteknum atriðum sem varða sinubrennur o.fl. Ef til vill atriði sem ætti frekar að fjalla um í frumvarpinu sjálfu.

Í 9. gr. er fjallað um bótaábyrgð og þar kemur fram að að sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé beri fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst og er jafnframt heimilt að innheimta kostnað við útkall slökkviliðs hjá þeim sem tjóninu veldur með saknæmum hætti. Ákvæði samhljóða fyrri málslið 9. gr. frumvarpsins er í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem taka eiga gildi 1. júlí 2015. Í athugasemdum um 28. gr. náttúruverndarlaganna segir orðrétt: „Lagt er til að ákvæði 5. gr. laga nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, standi framvegis í IV. kafla náttúruverndarlaga. Er þetta í samræmi við tillögu nefndar um endurskoðun náttúruverndarlaga og miðar breytingin að því að auðvelda almenningi yfirsýn yfir þær reglur sem gilda um för, dvöl og umgengni í náttúru Íslands. Í 5. tölul. 97. gr. eru lagðar til samsvarandi breytingar á lögum nr. 61/1992.“ Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að hér verði gætt samræmis. Í annan stað skal það hér nefnt að hugtakið saknæmi er í skaðabótarétti sameiginlegt heiti á ásetningi og gáleysi. Gáleysi er almennt skilgreint svo, að það sé þegar ekki er gætt þeirrar varkárni, sem ætlast má til. Vandséð er hvort reglan sem fjallað er um í 9. gr. frumvarpsins og 28. gr. náttúruverndarlaganna eigi að einhverju leyti að koma í staðinn fyrir eða kveða á um strangari bótaábyrgð en samkvæmt sakarreglunni, sem gildir um bótaábyrgð vegna tjóns sem verður við meðferð elds, hvort sem kveðið er á um hana í lögum eða ekki. Þá er óskýrt hvað er átt við með hugtakinu „tjón“ í ákvæðinu. Í skaðabótarétti telst hugtakið tjón standa fyrir skerðingu eða eyðileggingu á lögvörðum hagsmunum, oftast fjárhagslegum. Nauðsynlegt er t.d. að svara því hvort talið verður að ákvæði af þessu tagi eigi að taka til tjóns vegna náttúruspjalla, sem getur verið ófjárhagslegt. Löggjafinn hefur yfirleitt talið að hagsmunum sem löggjöf af þessu tagi er ætlað að vernda, nægilega borgið með refsíákvæðum og eftir atvikum almennum skaðabótareglum, sem eru ólögfestar. Það er og nýmæli að sá sem veldur tjóni með almennu gáleysi verði látinn greiða fyrir slökkvistarf. Í 10. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir kemur fram að sveitarstjórn hver í sínu umdæmi beri ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og að sveitarfélag beri kostnað af þessari starfsemi. Bændasamtökum Íslands er ekki kunnugt um að önnur slík sérregla gildi um endurkröfu kostnaðar vegna slökkvistarfs þegar tjóni er valdið af almennu gáleysi. Í öllu falli er hér um að ræða ósamræmi milli náttúruverndarlaganna sem eiga að taka gildi 1. júlí 2015 og frumvarpsins, sem þarf að lagfæra. Með vísan til framangreinds er lagt til að ákvæðið falli brott í heild sinni.

Að lokum skal þess getið að Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að bændum verði ekki gert ómögulegt eða erfitt fyrir að brenna sinu á jörðum sínum með kröfum í fyrr nefndri reglugerð sem hafa í för með sér óraunhæfan eða óyfirstíganlegan kostnað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bændasamtaka Íslands,  
Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.